

**23** 12. febr. Þýðingar af tveimur náttúrufræðisritum, sem sje efnafræði eptir prófessor Roscoe og fýsiska landafræði eptir professor Geikie, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að jeg af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, hefi veitt deild hins íslenzka bókmenntafjelags þeirri, er hjer er í bœnum, hinn umbeidda styrk 300 kr. fyrir hvort hinna ofan nefndu 2 rita með skilyrðum þeim, er getið er um í bónarbrjefinu, sem sje að rit þessi verði gefin út á prent á yfirstandandi ári, að þau verði útbúin með myndum á sama hátt og frumritin, að prentað verði töluvert upplag af þeim, og að verð þeirra fari eigi fram úr 12 aurum fyrir hverja örk.

**24** 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til þess að prenta ágríp af heilbrigðisfræðinni.* — Eptir að hafa meðtekið álit stiptysfirvaldanna um bónarbrjef, er hingað hafði borizt frá Jónasi hjeraðslækni Jónassen, um allt að 200kr. styrk úr landssjóði, til að gefa út ágríp handa alþýðu af heilbrigðisfræðinni og byggingarfræði mannlegs líkama með hliðsjón af riti, er nýlega hefir komið út í Kaupmannahöfn um þetta efni, og ætlar hann að láta prenta 1000 expl. af bókinni með nokkrum myndum, og að ákveða söluverðið svo lágt, sem mögulegt er — hefi jeg af fje því, er ákveðið er fyrir yfirstandi ár, í 15. gr. fjárlaganna, veitt 20 kr. styrk fyrir hverja örk af ofan nefndu riti, allt að 200 kr. með umgetnum skilyrðum, er tekin eru fram í bónarbrjefinu. Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

**25** 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til safns af dýrum og dýramyndum.* — Eptir að hafa meðtekið ummæli stiptysfirvaldanna um bónarbrjef, er mjer hafði sent verið, og þar sem adjúnktt Benedikt Gröndal fer fram á að fá styrk til að halda áfram með dýrasafn það og dýramyndir af hinu íslenzka dýraríki, er hann í nokkur ár að undanförmu hefir fengist við, og sem ákveðið er að taka á sínum tíma inn í náttúrusögusafn hins lærða skóla<sup>1</sup>, hefi jeg af fje því, er tiltekið er með 15. gr. fjárlaganna á yfirstandandi ári, veitt 300 kr. í nefndu tilliti, þannig að 200 kr. mun verða ávísað adjúnktt B. Gröndal í næstkomandi marz mánuði og 100 kr. um veturnætur, þegar hann færir sönnur á, að ofan nefndu verki hafi skilað verulega áfram.

Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

**26** 15. febr. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til jarðabóta og eflingar sjáfarútvegi.* — Hinn 9. f. m. sendi jeg yður, herra amtmaður, til þess að amtsráðinu gæfist tækifæri á að láta í ljósi álit sitt um það, brjef það frá 7. f. m., er hjer með endursendist, og þar sem búnaðarfjelag suðuramtsins beiðist styrks af hluta suðurumdæmisins, af fje því, er með 10. gr. C. 5. fjárlaganna um árin 1878 og 1879 er veitt til jarðræktar og til eflingar á sjáfarútvegi; og hafið þjer nú í þóknanlegu brjefi 24. s. m., um leið og þjer skýrið frá, að málefni þetta muni verða lagt fyrir amtsráðið á væntanlegum fundi þess í næstkomandi júní-

1) Sbr. brjef landshöfðingja 8. marz 1875 (stjórnartíð. B. 11).